
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 29. NÓVEMBER 2017 KL 17:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Steinunn Snædal, Erna Jóhanna Erlendsdóttir, Aron Steinn Halldórsson og Árni Ólason. Björn Ingimarsson og Guðný Drífa Snæland boðuðu forföll

Steinunn Snædal stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Engin sérstök mál á dagskrá en Árni fór yfir stöðuna í skólanum og það sem er framundan.

Við fengum Aron Stein formann Nemendafélags ME í spjall til okkar. Mjög fróðlegt að heyra allt sem þau eru að standa í. Fram undan er árs hátíðin þeirra, (1 desember) og verðum við með foreldrarölt þar eins og alltaf. Það er alltaf jafn erfitt að manna röltið og er það umhugsunarvert. Barkinn er svo 26 janúar og þá er möguleiki á að við aðstoðum við frágang á stólum og fl. Bentum Aroni Steini á að vera endilega í sambandi við okkur ef það er eitthvað sem við getum aðstoðað við.

Ræddum aðeins um fjáraflanir, Nemendafélagið reynir að fá styrki sem víðast og við viljum ekki lenda inn á þeirra “svæði”.

Eigum ca 150.000 á reikningi, þannig að valkröfurnar eru að skila sér eitthvað.

Ræddum aðeins um drykkju á böllum, er kannski að verða koninn tími á að láta alla blása sig inn á böll. Þá þarf auðvitað marga áfengismæla til að það myndi ganga hratt fyrir sig. Þetta verður rætt nánar á næsta fundi, sem verður vonandi betur mannaður og eins þarf að ræða þetta við nemendafélagið. Fáum Aron Stein til að mæta aftur til okkar við tækifæri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45